

LÖGMANNSSTOFAN BARÓNSSTÍG 5 EHF

Kennit. 520196-3239 • Vsknr. 49202

JÓN SVEINSSON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Barónsstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 562 7760 • Fax 562 7767

Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Stefáns Guðmundssonar, formanns
Þórshamri
Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 1594
komudagur 17/4 1997

Reykjavík, 9. apríl 1997

EFNI: Kaup á landi vegna fyrirhugaðrar álbræðslu á Grundartanga.

Á fundi með iðnaðarnefnd Alþingis í gær spurðist Svavar Gestsson, alþingismaður, fyrir um kaupverð lands sem keypt hefur verið í þágu fyrirhugaðrar álbræðslu á Grundartanga. Af því tilefni og þar sem fyrirvari var gerður í svari undirritaðs um sundurliðun heildarverðs upplýsist eftirfarandi:


Alls hafa verið keyptir 131,1 hektarar úr jörðinni Katanesi (Vestra-Katanesi) í Hvalfjarðarstrandarhreppi m.a. vegna fyrirhugaðrar álbræðslu á Grundartanga.

Annars vegar voru keyptir 122,0 hektarar lands af einum aðila fyrir kr. 16.800.000.-. Við verðákvörðun voru 90,0 hektarar, svonefndur úthagi, verðlagðir á kr. 10.800.000.- eða kr. 120.000.- hver hektari, 8,0 hektarar, tún, voru verðlagðir á kr. 1.200.000.- eða kr. 150.000.- hver hektari og 24,0 hektarar, strandlengja, voru verðlagðir á kr. 4.800.000.- eða kr. 200.000.- hver hektari. Meðalverð fyrir nefnda 122,0 hektara lands nam samkvæmt framangreindu kr. 137.705.- á hvern hektara. Hins vegar voru keyptir 9,1 hektarar lands sameiginlega af fjórum einstaklingum fyrir alls kr. 2.000.000.-. Landið var allt verðlagt sem hafnarland og því greiddar kr. 219.780.- fyrir hvern hektara.

Samkvæmt ofangreindu nam heildarverð fyrir nefnda 131,1 hektara lands alls kr. 18.800.000.-. Meðalverð á hvern hektara nam því **kr. 143.402.-**

Sá hluti verksmiðjulóðar álbræðslunnar sem verður í Skilmannahreppi var af hálfu íslenska ríkisins keyptur úr jörðinni Klafastöðum árið 1975 vegna þá fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju. Fyrir 80 hektara lands sem þá voru keyptir var annars vegar greitt fyrir landið og hins vegar fyrir hafnaraðstöðu. Framreiknað með byggingarvísitölu nemur meðalverð í því tilviki (fyrir land og hafnaraðstöðu) á hvern hektara **kr. 217.557.-**

Virðingarfyllst,


Jón Sveinsson, hrl.